

Alþingi  
Erindi nr. Þ 120/752  
komudagur 30/1 1996

**Samtökin '78**  
félag lesbía og homma á Íslandi

Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. formanns Sólveigar Pétursdóttur,  
Alþingi við Austurvöll,  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 26. janúar 1996.

Varðandi frumvarp til laga um tæknifrjóvgun.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995)

Samtökin '78, félag lesbía og homma á Íslandi, hafa ekki fengið frumvarp til laga um tæknifrjóvgun sent til umsagnar, en vilja eigi að síður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Skv. grein 3. a. skal tæknifrjóvgun eingöngu standa til boða fyrir konu sem „sé samvistum við karlmann, í hjúskap eða óvígðri sambúð ...“ Í greinargerð með frumvarpinu segir um þetta ákvæði að rétt þyki „að setja skilyrði um að eingöngu gagnkynhneigð þör eigi aðgang að þessari meðferð“ og enn fremur að byggt sé „á því viðhorfi að barn eigi að eiga þess kost að alast upp með móður og föður“. (bls. 17)

Samtökin lýsa fullri andstöðu sinni við umrædda gr. 3.a. í frumvarpinu.

Með lagasetningu af þessu tagi myndi Alþingi fella dóma um gæði fjölskyldna þar sem konur sem kjósa að búa einar eða lesbíur í parsamböndum eru ekki taldar eiga rétt á afmarkaðri þjónustu íslenska ríkisins. Dómfelling af þessu tagi tekur ekkert mið af þeim íslenska veruleika sem er í dag miklum mun fjölbreyttara fjölskylduform en þóknanlegt er talið í frumvarpinu. Má þar nefna einstæða foreldra með börn sín og samkynhneigð þör sem í mörgum tilvikum ala upp börn.


Samtökin '78 lýsa andúð sinni á öllum ákvæðum sem mismuna þegnum ríkisins og telja mismununina ekki taka eðlisbreytingu þó svo að samskonar mismunun á grundvelli kynhneigðar og fjölskyldustöðu séu finnanleg í öðrum löndum. Dæmi um hið gagnstæða má einnig finna erlendis og má þar nefna Danmörku þar sem ömtin fara hvert um sig með þessi mál og hafa einhver þeirra nú þegar heimilað lesbíum tæknifrjóvgun.

Auk þess vafasama mannréttindaviðhorfs sem gætir í frumvarpinu vilja Samtökin '78 einnig benda á að lagasetning af þessu tagi kallar á neikvæðar afleiðingar. Konur sem verða réttlausar í íslensku heilbrigðiskerfi munu einfaldlega leita annarra leiða til að fá tæknifrjóvgun. Lesbíur munu t.d. leita til Bandaríkjanna þar sem tæknifrjóvgun er einstaklingsréttur en ekki „kjarnafjölskylduréttur“.

Hvað varðar rétt barna til góðra uppvaxtarskilyrða skal bent á að erlendar rannsóknir á börnum sem alast upp hjá samkynhneigðum þörum hafa tekið af öll tvímæli um að samkynhneigðir eru ekki á nokkurn hátt óheppilegri uppaldur en gagnkynhneigðir. Því lýsir greinargerð frumvarpsins bæði fáfræði og fordómum í garð lesbía og homma.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,



Margrét Pála Ólafsdóttir,  
formaður Samtakanna '78